

Lykiláherslur

Traustur rekstur

- Reksturinn skili góðri afkomu og nýtingu fjármuna.
- Norðurorka eigi dótturfélagið Fallorku ehf. sem tekur virkan þátt í vinnslu og sölu raforku.
- Hafa skilvirkt og viðurkennt gæðakerfi.
- Vera vakandi fyrir tækifærum til skynsamlegrar stækkunar og aukinnar hagræðingar.
- Eiga hlutdeild í öðrum rekstri með áherslu á orkutengd verkefni og verkefni sem eflt geta starfsemi Norðurorku.
- Fjárfestingar í nýjum viðskiptatækifærum skili sér að jafnaði á 10 árum.
- Reka fráveitur á rekstrarlegum forsendum.

Ánægðir viðskiptavinir

- Verð vöru og þjónustu sé með því besta sem gerist litið til sambærilegrar starfsemi að teknu tilliti til afkomu.
- Veita góða, áreiðanlega og hagkvæma þjónustu.
- Veita góðar og skýrar upplýsingar.
- Tryggja viðskiptavinum afhendingaröryggi.

Öflugur mannauður

- Hafa á að skipa hæfu starfsfólki.
- Viðhalda og efla hæfni starfsfólks með því að stuðla að starfsþróun og endurmenntun.
- Við leggjum metnað í góða og jákvæða stjórnunarhætti, með samráði við starfsmenn um málefni vinnustaðarins.
- Vinnuumhverfi og búnaður fyrirtækisins sé til fyrirmyndar.
- Öryggismál sé grundvallar atriði í starfi fyrirtækisins.

Samfélagsleg ábyrgð

- Vera vakandi fyrir kaupum á auðlindaréttindum með það að markmiði að tryggja langtíma-hagsmuni viðskiptavina og öruggt aðgengi þeirra að nægu heitu og köldu vatni sem og öflugum dreifikerfum veitna.
- Horft verði á kalda vatnið og heita vatnið sem takmarkaðar auðlindir og að nýting kalda vatnsins og verðlagning fari í auknum mæli gegnum notkunarmælingar hjá viðskiptavinum.
- Fyrirtækið lítur á það sem kjarna sinnar samfélagslegu ábyrgðar að þjónusta viðskiptavini á starfssvæði sínu með þau grundvallarlífsgæði að hafa til reiðu nægjanlegt heitt og kalt vatn sem og áreiðanlegt dreifikerfi allra veitna.
- Fyrirtækið vinnur eftir stefnu varðandi samfélagsábyrgð, samfélagsstyrki og siðareglur.

Kynnt á starfsmannafundi 20. desember 2012

Samþykkt á stjórnarfundum 24. janúar 2013